

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands þann 9. febrúar 2021 vegna uppfærslu á heildarkjarasamningi félagsins frá 2020 til 2021. Samskipti fóru fram á fjarfundum og í tölvupóstum.

Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins: Þorsteinn Sæberg Sigurðsson og Anna Rós Sigmundsdóttir.

Fyrir hönd sambandsins: Bjarni Ómar Haraldsson og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Grein 1.3.8 er ný grein um samkomulag um laun stjórnenda í samreknnum skólum og hljóði svo:

1.3.8 Samkomulag um laun stjórnenda í samreknnum skólum

Um laun stjórnenda í samreknnum skólum fer skv. samkomulagi Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands dags. 20. ágúst 2009.

2. Grein 1.3.8 um annaruppbót verður grein 1.3.9

3. Orðalagsbreytingar. Grein 2.2.1 um fastlaunasamninga breytist og hljóði svo:

2.2.1 Fastlaunasamningur

Kjarasamningur þessi við skólastjóra/aðstoðarskólastjóra er fastlaunasamningur sem tekur til stjórnunar grunnskóla og annarra faglegra starfa. Skólastjórar fá umsamin mánaðarlaun, alla mánuði ársins án mats á vinnuframlagi í hverjum mánuði fyrir sig. Þeir fá því ekki greidda tilfallandi yfirvinnu. Undantekningar frá því eru:

- Forfallakennsla með þeim takmörkunum sem getið er um í bókun 11.
- Sveitarstjórn getur ákveðið að greiða skólastjóra/aðstoðarskólastjóra tímabundin viðbótarlaun þ.e. TV-einingar skv. fylgiskjali með kjarasamningi þessum.
- Í þeim tilvikum sem það skapar skólastjóra grunnskóla aukna vinnu að húsnæði grunnskólans er nýtt til annars reksturs, svo sem tónlistarskóla eða leikskóla, skal sveitarstjórn í samráði við skólastjóra leggja mat á umfang þeirrar vinnu og greiða fyrir hana 1. október og 1. febrúar ár hvert. Miða skal við að greidd skuli yfirvinna að hámarki 18 klukkustundir

í hvort sinn. Krónur 5.254 fyrir klst. frá 1. janúar 2020 og kr. 5.386 frá 1. janúar 2021.

4. Tölur uppfærðar. Grein 2.3.3 um yfirvinnugreiðslur breytist og hljóði svo:

2.3.3 Yfirvinna

Deildarstjórar fá greiðslur skv. sínum launaflokki fyrir töflusetta kennsluyfirvinnu upp að hámarkskenndu skv. gr. 1.2.2.

Öll yfirvinna sem ekki er töflusett greiðist með kr. 5.254 fyrir klst. frá 1. janúar 2020 og kr. 5.386 frá 1. janúar 2021.

5. Tilvísun í grein lagfræð. Grein 4.7.1 um vetrarorlof breytist og hljóði svo:

4.7.1 Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar grunnskóla skulu taka 20 daga sumarorlof á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst.

Það sem vantar á fullt orlof (10 vinnudaga) geta þessir aðilar tekið á tímabilinu 1. september til 31. maí eða lengt orlofstímann skv. gr. 4.4.3. Taka vetrarorlofs að eigin ósk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra lengir ekki orlof hans.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri skulu hafa tilkynnt launagreiðanda a.m.k. einum mánuði fyrir byrjun sumarorlofs óskir sínar um orlof, hvort hann hyggst skipta orlofsrétti sínum og þá hve marga orlofsdaga hann hyggst taka að vetri. Tilkynna skal töku vetrarorlofs a.m.k. einum mánuði áður en taka þess hefist.

Sé orlof tekið á tímabilinu 1. september til 31. maí skulu skólastjóri og aðstoðarskólastjóri leysa hvor annan af án sérgreiðslu að því er stjórnunarstörf varðar.

Þó orlof skv. 2. mgr. sé ekki tekið verður því hvorki frestað til töku síðar né verður það greitt.

6. Grein 4.8 um áunninn orlofsrétt hljóði svo:

4.8 Áunninn orlofsréttur

4.8.1 Greiða skal dánarbúi áunninn orlofsrétt látins starfsmanns.

7. Tilvísun í lög uppfærð. Grein 7.7.1 hljóði svo:

7.7.1 Bæta skal starfsmanni þau útgjöld, sem starfsmaður kann að verða fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 10. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga.

8. Í síðustu málsgrein greinar 12.1.3 er orðinu sveitarfélag breytt í vinnuveitandi. Að öðru leyti er greinin óbreytt. Grein 12.1.3 um lífeyrissjóð hljóði svo:

12.1.3 Lífeyrissjóður

Starfsmenn sem heyra undir samning þennan skulu eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR), ýmist A- eða B-deild eftir því sem lög og samþykktir sjóðsins segja til um.

Sé starfsmaður í A-deild LSR skal iðgjald hans vera 4% og mótframlag launagreiðanda 11,5%, hvorutveggja af heildarlaunum.

Sé starfsmaður í B-deild LSR skal iðgjald starfsmanns, mótframlag launagreiðanda og annað fara eftir þeim lögum og samþykktum sem um sjóðinn gilda.

Nýti starfsmaður lögbundinn rétt sinn til séreignarsparnaðar greiðir vinnuveitandi mótframlag til jafns á móti séreignarlífeyrissparnaði starfsmanns, allt að 2%.

9. Grein um orlofssjóð færð til í samningi með öðrum sjóðum. Grein 4.9 um orlofssjóð verður grein 12.1.6 og hljóði svo:

12.1.6 Orlofssjóður

Launagreiðandi greiðir sérstakt gjald í Orlofssjóð KÍ. Gjald þetta skal nema 0,25% af fullum launum starfsmanns. Gjald þetta skal greiða mánaðarlega eftir á skv. útreikningum launagreiðanda.

10. Tilvísun í lög uppfærð. Grein 13.1.2.2 hljóði svo:

13.1.2.2 Starfsmaður sem hefur töku fæðingarorlofs telst skv. framangreindu vera leystur undan vinnuskyldu á meðan á fæðingarorlofi hans stendur, sbr. 49. gr. framangreindra laga.

11. Tilvísun í lög uppfærð. Grein 13.2.1.6 hljóði svo:

13.2.1.6 Vinnuveitandi greiði starfsmanni þau útgjöld sem starfsmaður hefur orðið fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 10. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga.

12. Tilvísun í lög uppfærð. Grein 13.2.5.2 hljóði svo:

13.2.5.2 Sama gildir um greiðslu vegna látins starfsmanns ef hinn látni var í hjúskap, staðfestri samvist, skráðri sambúð eða sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar í merkingu 49. gr. almannatryggingalaga nr. 100/2007.

13. Grein 14.2.1 um ráðningu starfsmanna breytist og hljóði svo:

14.2.1 Ráðning á að byggjast á hæfni viðkomandi til að inna starfið vel af hendi og skal sá hæfasti ganga fyrir.

Kennarar og skólastjórnendur skulu almennt ráðnir til starfa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Reynslutími er fjórir mánuðir. Heimilt er þó í undantekningartilvikum að semja í ráðningarsamningi um allt að 5 mánaða reynslutíma.

Við sérstakar aðstæður er heimilt að ráða starfsmann til starfa tímabundið og er unnt að taka fram í ráðningarsamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu annars hvors aðilans áður en ráðning fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstíma.

Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara samfelld lengur en í 2 ár nema verklok séu fyrirfram ákveðin.

Til þess að vera ráðinn skólastjórnandi við leik-, grunn- eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa starfsheitið kennari, búa yfir hæfni sem stjórnandi og hafa viðbótarmenntun í stjórnun eða reynslu sem veitir umsækjanda sérhæfða hæfni sbr. 5. gr. laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Í undantekningartilvikum er þó heimilt að ráða tímabundið til kennslustarfa, að hámarki til eins árs í senn, umsækjanda sem ekki hefur leyfisbréf til kennsluréttinda. Sækja þarf um heimild fyrir slíkri ráðningu til Menntamálastofnunar. Sjá nánar lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019 eða lög sem koma í stað þeirra.

Með orðalaginu „fyrirfram ákveðnum verklokum“ er átt við aðstæður þar sem verklok eru fyrirséð við upphaf ráðningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.